

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

## Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 -108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0003

Dags. 15.10.2014

### Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 3. mál á 144. löggjafarþingi

Ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2015 (breyting ýmissa laga)

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem hér er til umsagnar, er nú unnið á vegum velferðarráðuneytisins að endurskoðun á vaxtabótakerfinu og húsaleigubótakerfinu með þau áform að sameina þessi tvö kerfi í eitt húsnæðisbótakerfi. Hagsmunasamtök heimilanna telja þetta standa til mikilla bóta. Slík samræming er nauðsynleg til þess að renna tryggari stoðum undir þá grundvallarnauðsyn og mannréttindi allra borgara landsins að eiga heimili og hafa húskjól.

Samtökin vilja þó vekja athygli á því að c-liður 6. gr. laga nr. 139/2013 hafði verulega skerðandi áhrif á útreikning vaxtabóta við álagningu 2014. Þrátt fyrir að nú sé lagt til að framlengja fjárhæðir, viðmiðunarhlutföll og skerðingarfráhyrðir óbreytt frá fyrra ári þá situr eftir þessi breyting og myndi því sú aukna skerðing sem hún fól í sér einnig framlengjast. Samtökin leggja til að í stað þessa verði bætt við 5. gr. frumvarpsins nýjum staflið sem kveði á um að viðmiðunarhlutfall tekjutengdrar skerðingar skv. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XI í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt skuli breytast úr 8,5% niður í 8% eins og það var fyrir tekjuárið 2013, eða jafnvel enn lægra heldur en það.

Þá eru samtökin alfarið mótfallin þeim tillögum sem koma fram í 16.-18. gr. frumvarpsins um að stytta réttindatímabil atvinnuleysisbóta um hálf tveggja ára, en það jafngildir skerðingu um tæp 17% miðað við almennan bótarétt sem nú gildir í þrjú ár. Ekki er lengra síðan en um þarsíðustu áramót þegar ákvæði um 48 mánaða bótarétt var látið falla úr gildi án þess að vera framlengt. Þannig er útlit fyrir skerðingu á lengd bótaréttar um tæp 30% á tveggja ára tímabili ef frumvarpið verður að lögum. Hagsmunasamtök heimilanna leggja alfarið gegn slíkri skerðingu á réttindum atvinnulausra. Slík stytting bótaréttar mun aðeins færa vanda þeirra sem búa við langvarandi atvinnuleysi yfir á herðar sveitarfélöganna, og auka á byrðar þeirra vegna félagslegrar fjárhagsaðstoðar. Samtökin leggja því alfarið gegn 16.-18. gr. frumvarpsins og hvetja til þess að þær verði felldar brott.

Að öðru leyti en að ofan greinir taka samtökin ekki afstöðu til annarra þátta frumvarpsins.

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is